

## Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2011 þann 14. janúar kl. 8:10

### **Mættir:**

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Björk Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson, Tumi Hrafn Kúld.

### **Dagskrá og afgreiðslur:**

- 1. Byggingamál.** Vinna við lokafrágang á hönnun og útboðsgögnum hefur dregist frá því sem fyrst var áætlað, nú eru innréttingateikningar að verða tilbúnar, eftir er að ganga endanlega frá tenglastaðsetningum o.fl. og yfirfara svo gögn fyrir útboð, ekki er fyllilega ljóst hvenær boðið verður út, vonandi í febrúar. Rætt um læsta skápa fyrir nemendur í væntanlegri forstofu unglingastígs þegar að því kemur. Gert hefur verið ráð fyrir læstum skápum, spurning hvort ekki nýtist betur að hafa læstar hirslur fyrir nemendur inni á kennslusvæðum en í anddyri, ekki síst vegna þess að þetta anddyri þarf líka að þjóna sal skólans þegar viðburðir eru þar. Fundarmenn almennt á því að skynsamlegt geti verið að breyta þessu.
- 2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og læsisprófa í 1.-2. bekk.** Skólastjóri kynnti niðurstöður prófanna. Við samræmd próf í haust voru meðaltöl skólans töluvert undir landsmeðaltali. Hins vegar er varla tímabært þetta árið að draga miklar ályktanir af niðurstöðum prófanna. Læsispróf í 1.-2. bekk koma gríðarlega vel út fyrir skólann, spennandi verður að fylgjast með hvort sá árangur helst áfram. Þessar niðurstöður verða allar gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans innan skamms til að foreldrar og aðrir geti kynnt sér þær.
- 3. Hugmyndir um sameiningar stofnana.** Fram hafa komið hugmyndir um sameiningu m.a. Naustaskóla og Naustatjarnar. Skólastjórar stofnananna hafa verið að vinna að sameiginlegum hugmyndum um þetta efni. Þetta verður nánar kynnt á næsta fundi.
- 4. Starfsreglur fyrir skólaráð.** Rætt um hvort þörf sé á að útfæra nánar reglugerð um skólaráð. Ekki talin þörf á því að sinni.
- 5. Matsáætlun og starfsmannhandbók.** Frestað til næsta fundar.
- 6. Myndbirtingar á vef.** Rætt um hvort þörf sé á að læsa myndavef skólans þannig að foreldrar, nemendur og aðrir komist aðeins inn með lykilorði. Reynt er að skanna myndasöfn sem sett eru inn á vef en alltaf sleppa inn einhverjar myndir sem einhverjum þykja óþægilegar. Ákveðið að byrja á því að auglýsa að hægt sé að fá fjarlægðar myndir

sem þykja óþægilegar eða óæskilegar, að hausti verði foreldrum síðan gefinn kostur á (t.d. með reit á neyðarkorti) að hafna myndbirtingum af börnum sínum.

## **7. Önnur mál.**

- a. Skólaráð fagnar því að félagsmiðstöð er að hefja starfsemi í Naustaskóla.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 11. febrúar 2011.

Fleira ekki tekið fyrir,  
Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð